**Aðalfundur LÍ**
**20. október 2023**

## Ályktun
## um nikótínpúða

Aðalfundur Læknafélags Íslands (LÍ) haldinn í Kópavogi 20. október 2023 vekur athygli heilbrigðisráðherra á þeirri heilsufarsvá sem nikótínpúðar eru á markaði í dag. Notkun hefur aukist í yngri aldurshópum og slysabyrlunum barna hefur fjölgað verulega. Brýnt er að setja reglugerð sem bannar sölu og innflutning á nikótíni í púðum, vökvum eða öðru formi með bragðefnum.  Vörur sem falla undir lyfjalög (nikótíntyggjó og önnur nikótínuppbótarlyf) séu undanskilin.